

11. gr.

106

Sá, sem áskilur sér hærri leigu en heimilt er samkv. lögnum, tekið við hærri leigu eða brýtur ákvæði þeirra á annan hátt, skal sæta sektum frá 5—2000 krónum.

8. sept.

Sektir renna í rikissjóð. Með mál út af brotum á lögum þessum skal farið sem almenn lögreglumál.

12. gr.

Meðan lög þessi eru í gildi skal stimpilgjald af húsaleigusamningum ekki reiknað samkvæmt 39. gr. laga nr. 75 1921, heldur vera fast gjald, 2 kr. fyrir hvern samning. Í Reykjavík annast húsaleigunefnd stimplun slíkra samninga.

13. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað, og fellur þá jafnframt úr gildi 7. grein laga frá 4. apríl 1939, um gengisskráningu og ráðstafanir í því sambandi.

Ákveða má með konunglegri tilskipun, að ákvæði laga þessara taki til annarra fasteigna en húsa.

Þegar ekki þykir lengur þörf fyrir lagaákvæði þessi, má fella þau úr gildi með konunglegri tilskipun.

Ákvæði til bráðabirgða.

Vísitala samkv. 1. gr. skal í fyrsta sinn reiknuð út þegar eftir gildistöku þessara laga og gildir frá 14. maí til 1. okt. 1941.

Gjört í Reykjavík, 8. september 1941.

Sveinn Björnsson.

(L. S.)

Stefán Jóh. Stefánsson.

BRÁÐABIRGÐALÖG

107

um viðauka við og breyting á lögum 8. sept. 1941, um húsaleigu.

8. sept.

RÍKISSTJÓRI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Félagsmálaráðherra hefur tjáð mér, að skýrslusöfnun hafi farið fram um núverandi húsnæðisvandráði í Reykjavík. Skýrslur þessar hafa leitt í ljós, að mörg hundruð fjöldskyldur, auk fjölda einstaklinga, ýmist séu nú þegar húsnæðislausar eða verði húsnæðislausar 1. október næstkomandi. Jafnframt sé upplýst, að mikil húsnæðisvandráði séu í öðrum kaupstöðum og kauptúnnum landsins.

Til þess að ráða bót á þessu vandráðaástandi telur félagsmálaráðherra nauðsynlegt að breyta núgildandi húsaleigulögum í verulegum atriðum.

Með því að ég fellst á, að brýna nauðsyn beri til að setja bráðabirgðalög samkvæmt 23. gr. stjórnarskrárinnar um framangreint efni, tel ég það rétt að gefa út bráðabirgðalög á þessa leið:

1. gr.

Leigusala er óheimilt að segja upp leigusamningum um íbúðarhúsnæði, nema honum sé þess brýn þörf til eigin íbúðar, að dómi húsaleigunefndar (fasteignamatnefndar), og að hann hafi verið orðinn eigandi hússins áður en lög þessi öðluðust gildi.

107 Uppsagnir á íbúðarhúsnæði, sem fram hafa farið fyrir gildistöku þessara laga og ekki hafa komið til framkvæmdar, skulu vera ógildar, nema húseigandi sanni fyrir húsaleigunefnd, að hann sé húsnæðislaus og þurfi þess vegna á húsnæðinu að halda til íbúðar fyrir sjálfan sig.

2. gr.

Húseiganda er óheimilt að leigja öðrum en heimilisföstum innanhéraðsmönnum íbúðarhúsnæði.

Leigusamningar, sem gerðir hafa verið fyrir gildistöku þessara laga, en óheimilir væri eftir ákvæði 1. mgr., eru ógildir.

Þegar alveg sérstaklega stendur á, er húsaleigunefnd (fasteignamatsnefnd) heimilt að veita undanþágu frá ákvæðum þessarar greinar.

3. gr.

Ef íbúðarhúsnæði er heimildarlaust tekið til annarrar notkunar en íbúðar, er húsaleigunefnd rétt að skylda húseiganda, að viðlögðum allt að 100 kr. dagsektum, að taka upp fyrri notkun húsnæðisins.

4. gr.

4. mgr. 1. gr. laga 8. september 1941, um húsaleigu, er úr gildi felld.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 8. september 1941.

Sveinn Björnsson.

(L. S.)

Stefán Jóh. Stefánsson.

108

9. okt.

L Ö G

um byggingar- og landnámssjóð.

RÍKISSTJÓRI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Að ég samkvæmt 17. gr. laga nr. 68 27. júní 1941, um breyting á lögum nr. 76 11. júní 1938, um byggingar- og landnámssjóð, og lögum nr. 58 8. sept. 1931, um einkasölu ríkisins á tóbaki, hef látið fella meginmál þeirra inn í téð lög nr. 76 frá 1938 og gef þau út svo breytt sem lög um byggingar- og landnámssjóð.

I. KAFLI.

Um markmið sjóðsins.

1. gr.

Tilgangur sjóðsins er að stuðla að endurbyggingu íveruhúsa í sveitum og stofnun nýrra býla.

2. gr.

Sjóðurinn starfar í tveim deildum, sem heita byggingarsjóður og nýbýlasjóður.